

PINGGERÐ 5. KARATEÞINGS 29. JANÚAR 1989.

1. Karl Gauti Hjaltason, formaður KAI, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.
 2. a) Kosinn þingforseti: Stefán Alfreðsson.
b) Kosinn þingritari: Reinharð Reinharðsson.
 3. Kosning í fastanefndir þingsins:
 - a) Kjörbréfanefnd: Árni Einarsson, Visente Carrasuo og Ævar Þorsteinsson.
 - b) Fjárhagsnefnd: Gerard Chinotti, Helgi Leifsson og Hildur Svavarsdóttir.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd: Árni Einarsson, Reinharð Reinharðsson og Ævar Þorsteinsson.
 - d) Alsherjarnefnd: Jón Símonarson, Jón Stefánsson og Karl Gauti Hjaltason.
 - e) Kjörnefnd: Ómar Ívarsson, Sýlvía Gústafsdóttir og Þorleikur Karlsson.
 4. Karl Gauti Hjaltason flutti skýrslu stjórnar. Smávægi-
legar athugasemdir voru gerðar við úrslit úr einu móti
og voru fundargestir beðnir að breyta úrslitunum í sam-
ræmi við þær. Var skýrslan síðan lögð fyrir þingið og
samþykkt einróma.
 5. Karl Gauti Hjaltason lagði fram reikninga sambandsins
til samþykktar. Fór hann í helstu liði og útskýrði það
sem hann taldi nauðsynlegt. Reikningarnir voru síðan
samþykktir samhljóða.
 6. Karl Gauti Hjaltason kynnti fjárhagsáætlun sambandsins
fyrir árið 1989. Var henni síðan vísað til Fjárhags-
nefndar til umfjöllunar.
 7. Reinharð Reinharðsson, ritari KAI, kynnti lagabreytingar
sem stjórn KAI lagði fyrir þingið. Samþykkt var að vísa
þeim til Laga- og leikreglnanefndar til umfjöllunar.
 8. Karl Gauti Hjaltason kynnti Reglur um Unglingameistara-
mót, sem stjórnin lagði fram fyrir þingið. Samþykkt var
að vísa þeim til Laga- og leikreglnanefndar. Einnig
kynnti hann tillögu stjórnar nr. 1 sem lögð hafði verið
fyrir þingið og var henni vísað til alsherjarnefndar.
Reinharð Reinharðsson kynnti tillögu stjórnar nr. 2 og
var henni vísað til Laga- og leikreglnanefndar. Karl
Gauti Hjaltason kynnti að lokum tillögur stjórnar að
nýrri stjórn og var þeim vísað til Kjörnefndar.
- Þ I N G H L E -
9. a) Nefndarálit Fjárhagsnefndar. Helgi Leifsson las upp
nefndarálitið og gerði nefndin nokkrar breytingar á
tillögu stjórnarinnar. Frestað var afgreiðslu málsins
þar til eftir nefndarálit Alsherjarnefndar þar sem það
gat haft áhrif á tillöguna.

b) Nefndarálit Laga- og leikreglnanefndar. Reinharð Reinharðsson las upp nefndarálitið og voru gerðar tvær breytingar á tillögu stjórnar. Annars vegar að í 3. gr laga KAI kæmi orðið "hennar" í stað "þess" og hins vegar að hætt yrði við breytingu á 6. gr laganna. Aðrar tillögur stjórnar sem vísað hafði verið til nefndarinnar voru samþykktar óbreyttar að nefndinni.

Var síðan gengið til atkvæða um lagabreytingatillögur stjórnarinnar.

3.gr. B)-liður verði: Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd þess.

Samþykkt samhljóða.

5.gr. Fyrsta setning í annari málsgrein breytist í: Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar.

Samþykkt samhljóða.

6.gr. Síðasta málsgreinin falli brott.

Atkvæði fóru 9 með og 7 á móti og féll því breytingatillagan þar sem 2/3 hluta atkvæða þarf fyrir lagabreytingar.

8.gr. 8. liður breytist í: Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

10. liður falli brott.

9. liður verði 10. liður.

9. liður verði: Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

12. liður breytist í: Kosning stjórnar, vara-stjórnar og endurskoðenda.

Samþykkt samhljóða.

9.gr. Önnur setning fyrstu málsgreinar breytist í: Stjórn KAI skipa 7 menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, fundaritari og tveir meðstjórnendur.

Síðasta setning þriðju málsgreinar breytist í: Reikningsár KAI miðast við almanaksárið.

Samþykkt samhljóða.

10.gr. Við bætist j)-liður sem hjóðar: Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn íSf áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

Samþykkt samhljóða.

15.gr. Falli brott.

Samþykkt samhljóða.

16.gr. Verði að 15. grein.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar nr. 2 var því næst borin undir atkvæði og hljóðar hún svo:

5. Karateþing samþykkir að fela stjórn KAI að endurskoða lög sambandsins og færa þau til nútímalegra horfs. Kynna skal uppkast að nýjum lögum meðal aðildarfélaganna KAI minnst tveimur mánuðum fyrir 6. Karateþing.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga að Reglum um unglingsmeistarabrot var þá borin undir atkvæði og hljóða þær svo:

Reglur fyrir Unglingsmeistarabrot.

1. gr.
SKRÁNING.

- 1.1 Unglingsmeistarabrot skal haldið árlega í febrúar. Mótið skal tilkynna félögunum með þriggja vikna fyrirvara.
- 1.2 Þátttökutilkynningar berist frá félögunum 10 dögum fyrir mót með greiðslu þátttökugjalds. Félögin skulu hafa sérstaka ábyrgðarmenn fyrir keppendur sína, einn fyrir hverja tíu þátttakendur.
- 1.3 Keppendur skulu vera komnir á mótsstað 1 klst. fyrir mótsbyrjun.
- 1.4 Ef Félag óskar eftir að gera breytingar á þátttökutilkynningu sinni skulu þær berast skriflega og eigi síðar en hálf tíma fyrir auglýstann mótstíma.

2. gr.
STARFSLIÐ.

- 2.1 Á hverjum velli skulu vera: Kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í Kata skulu vera 3 - 5 dómara og í Kumite, 3 dómara.
- 2.2 Á mótinu skulu vera læknir og 1 - 2 varamenn í stjórnun.

3. gr.
DÓMARAFUNDUR.

- 3.1 Yfirdómari heldur fund með öðrum dómurum, útskýrir einkunagjöf og samræmir hana.
- 3.2 Yfirdómari skipar dómara á velli eftir félögum og reynslu.

4. gr.
KEPPNISGREINAR.

- 4.1 Kata.
- a. 10 ára og yngri. Drengir og stúlkur
 - b. 11 og 12 ára. keppa saman.
 - c. 13 og 14 ára. Lágmark: 9. kyu.
 - d. 15 og 16 ára. Miðað við fæðingarár.
 - e. Hópkata.
- 4.2 Kumite.
- f. 11 og 12 ára drengir. Lágmark: 9. kyu.
 - g. 13 og 14 ára drengir. Miðað við fæðingarár.
 - h. 15 og 16 ára drengir.
 - i. 11, 12 og 13 ára stúlkur.
 - j. 14, 15 og 16 ára stúlkur.

5. gr.
FUNDUR EFTIR MÓT.

- 5.1 Fundur skal haldinn ekki síðar en sólarhring eftir mótslok.
- 5.2 Formaður KAI, eða fulltrúi hans, boðar fundinn og stýrir honum.
- 5.2 Á fundinn skal boða: Stjórn KAI, mótanefnd og formenn eða þjálfara félaga eða deilda innan KAI.
- 5.3 Dagskrá fundarins er:
- 1. Úrslit.
 - 2. Kærur.
 - 3. Athugasemdir við framkvæmd.
 - 4. Urbætur fyrir næsta mót.
 - 5. Önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

c) Nefndarálit Alsherjarnefndar: Karl Gauti Hjaltason las upp nefndarálitið. Tillaga stjórnar nr. 1 var lögð óbreytt fram til samþykkis en því var beint til stjórnar KAI að hún setti sér vel afmarkaðar reglur til að fara eftir.

Tillaga stjórnar nr. 1 var því næst borin undir atkvæði og hljóðar hún svo:

5. Karateþing samþykkir að veita fé í auknum mæli til ýmissa útbreiðsluverkefna á vegum KAI, félaganna og einstaklinga, til framgangs Karateíþróttinni.

Samþykkt samhljóða.

Þá var Fjárhagsáætlunin tekin fyrir. Helgi Leifsson kynnti nýjar breytingar á tillögu Fjárhagsnefndar og var hún síðan samþykkt samhljóða.

d) Nefndarálit Kjörnefndar: Sylvía Gústafsdóttir kynnti tillögu nefndarinnar að nýrri stjórn og varastjórn. Einnig tillögur að endurskoðendum, fulltrúum í Karate-dómstól og formenn nefnda KAI. Nokkrar umræður urðu og komu nokkur framboð til viðbótar áður en gengið var til kosninga.

Eftirtaldir hlutu kosningu:

Formaður KAI: Karl Gauti Hjaltason

Meðstjórnendur: Hildur Svavarsdóttir
Jón Ásgeir Blöndal
Reinharð Reinharðsson
Sigfús Sigurðsson
Sigurjón Gunnsteinsson
Sylvía Gústafsdóttir

Varastjórn: David B. Haralds
Gerard Chinotti
Helgi Jóhannesson

Endurskoðendur: Kári Rafn Rafnsson
Stefán Alfreðsson

11. Kosning Karatedómstóls.


Karatedómstóll: Árni Einarsson
Bjarni Ásgeirsson
Ævar Þorsteinsson

Varamenn: Karl Gauti Hjaltason
Ólafur Hreinsson
Reinharð Reinharðsson

12. Önnur mál. Nokkrar umræður urðu undir liðnum önnur mál. Árni Einarsson talaði um kynningu á karate í fjölmiðlum. Vildi hann að það yrði alfarið í höndum KAI eða fulltrúa þess að sjá um að koma upplýsingum um íþróttina í fjölmiðla. Fleiri tjáðu sig um málið og var stungið upp á að KAI kæmi sér upp stöðu blaðafulltrúa sem gæti verið í höndum eins af stjórnarmönnum KAI. Í framhaldi af því kvatti Karl Gauti Hjaltason til að þingfulltrúar og aðrir þeir sem hefðu áhug á íþróttinni hringdu og kvörtuðu við fjölmiðla ef þeir birtu ekki fréttir af karatemótum og öðrum atburðum sem tengjast íþróttinni. Einnig sagði Karl Gauti að þingfulltrúar yrðu að vanda valið á karatemynd ársins til þess að hún fengist byrt í dagblöðum.

13. Að þessu sinni var ekki kjörin karatemynd ársins en þess í stað samþykkt að vísa því til nýkjörinnar stjórnar að velja karatemynd ársins og koma henni sem fyrst til dagblaðanna.

14. Stefán Alfreðsson sleit þingið og þakkaði þingfulltrúum komuna.


Reinharð Reinharðsson
Þingritari.